

Stöðugur rekstur

Árshlutareikningur Landsnets fyrir janúar – júní 2020 var lagður fram í dag.

Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármála hjá Landsneti segir afkomu fyrirtækisins vera samkvæmt áætlun og reksturinn stöðugan þrátt fyrir krefjandi ytri aðstæður.

„ Við hjá Landsneti höfum verið að vinna við krefjandi aðstæður síðustu mánuði og því er það ánægjulegt að sjá að við höfum náð að halda rekstrinum stöðugum og samkvæmt áætlun. Oveður setti svip á starfsemina í vetur og Covid-19 hefur haft áhrif bæði á okkur og viðskiptavinum okkar. Eins og hjá öðrum eru langtímaáhrifin óljós en við hjá Landsneti fylgjumst vel með framvindunni. Við höfum lagt áherslu á að halda verkefnum okkar gangandi á sama tíma og við lögðum áherslu á að tryggja öryggi og heilsu starfsfólksins. Í þessum aðstæðum hefur framkvæmdum miðað vel áfram og það stefnir í að árið verði eitt af stærstu framkvæmdaárum Landsnets. Í byrjun árs sóttum við aftur fjármögnun frá Bandaríkjunum þar sem okkur var vel tekið og sýnir það vel traustið sem Landsnet hefur á fjármálamarkaði. „

Helstu atriði árshlutareiknings:

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT)¹ nam 22,0 m. USD (3.045,6 millj.kr) samanborið við 29,9 m. USD (4.141,9 millj.kr) árið áður. Hagnaður Landsnets hf. samkvæmt rekstrarreikningi nam 13,3 m. USD (1.849,9 millj.kr) fyrstu 6 mánuði ársins 2020 samanborið við 19,8 m. USD (2.737,4 millj.kr) á sama tímabili árið 2019.

Heildareignir félagsins í lok tímabilsins námu 880,6 m. USD (122.036,7 millj.kr) samanborið við 852,3 m. USD (118.112,7 millj.kr) í lok árs 2019. Heildarskuldir námu í lok tímabilsins 486,2 m. USD (67.383,0 millj.kr) samanborið við 461,0 m. USD (63.884,8 millj.kr) í lok árs 2019. Sótt var fjármögnun á Private Placement markaði í Bandaríkjunum í febrúar að fjárhæð 100 m. USD. Í mars var greidd lokagreiðsla af stofnláni við Landsvirkjun að fjárhæð 68,2 m. USD.

Eiginfjárlutfall í lok tímabilsins var 44,8% samanborið við 45,9% í lok ársins 2019. Eigið fé í lok tímabilsins nam 394,4 m. USD (54.653,7 millj.kr) samanborið við 391,3 m. USD (54.227,9 millj.kr) í lok árs 2019.

Handbært fé í lok júní nam 41,4 m. USD (5.732,6 millj.kr) og handbært fé frá rekstri á tímabilinu nam 25,5 m. USD (3.538,1 millj. kr).

Nánari upplýsingar gefur Guðlaug Sigurðardóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs Landsnets, sími 563-9300 eða á netfanginu gudlaugs@landsnet.is

Nánar á www.landsnet.is þar sem hægt er að nálgast ársreikninginn.

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengið USD/ISK 138,58

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings, lykiltölur efnahagsreiknings og kennitölur (fjárhæðir eru í þúsundum bandaríkjadala)

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017
Rekstrarreikningur				
Rekstrartekjur	63.807	73.367	76.742	71.504
Rekstrargjöld	(41.830)	(43.479)	(47.513)	(42.369)
Rekstrarhagnaður	21.977	29.888	29.229	29.135
Hrein fjármagnsgjöld	(5.386)	(5.315)	(9.104)	(16.037)
Áhrif hlutdeildarfélags	80	98	67	66
Hagnaður fyrir tekjuskatt	16.671	24.671	20.192	13.164
Tekjuskattur	(3.322)	(4.918)	(3.959)	(2.620)
Hagnaður	13.349	19.753	16.233	10.544

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	30.6.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Efnahagsreikningur				
Fastafjármunir	815.871	799.596	780.553	777.214
Veltufjármunir	64.752	52.711	65.779	74.088
Eignir samtals	880.623	852.307	846.332	851.302
Eigið fé	394.384	391.311	370.303	336.964
Langtímaskuldir	446.353	353.511	429.965	472.685
Skammtímaskuldir	39.886	107.485	46.064	41.653
Eigið fé og skuldir samtals	880.623	852.307	846.332	851.302

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017
Sjóðstreymi				
Handbært fé frá rekstri	25.531	37.490	36.896	37.279
Fjárfestingahreyfingar	(29.284)	(13.329)	(20.647)	(35.506)
Fjármögnunarhreyfingar	15.377	(18.537)	(16.960)	35.811
Áhrif gengisbreytinga	(1.230)	(891)	(713)	733
Handbært fé í ársbyrjun	30.973	38.779	49.175	18.253
Handbært fé í lok tímabils	41.367	43.512	47.751	56.570

<i>Fjárhæðir eru í þús. USD</i>	1.1.-30.6.2020	1.1.-30.6.2019	1.1.-30.6.2018	1.1.-30.6.2017
Helstu kennitölur				
EBITDA	36.682	44.643	43.777	42.874
	30.6.2020	31.12.2019	31.12.2018	31.12.2017
Eiginfjárhlutfall	44,8%	45,9%	43,8%	39,6%

Um Landsnet

Landsnet tók til starfa árið 2005 og ber ábyrgð á flutningskerfi raforkunnar, einum af mikilvægustu innviðum samfélagsins. Hlutverk félagsins er að annast flutning raforku á Íslandi, uppbyggingu flutningskerfisins og stjórnun raforkukerfisins.